

Vestmannaeyjar, 25. janúar 2012

Umsögn um þingsályktunartillögu Bjarna Benediktssonar, um afturköllun ákæru á hendur Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra.

Þingskjal 573 — 403. mál.

Umsagnaraðili: Eyverjar, félag ungra Sjálfstæðismanna í Vestmannaeyjum.

Eyverjar, félag ungra Sjálfstæðismanna í Vestmannaeyjum rita hér umsögn um þingsályktunartillögu Bjarna Benediktssonar um afturköllun ákæru á hendur Geir H. Haarde fyrrverandi forsætisráðherra.

Eyverjar vilja taka undir þau orð sem fram koma í tillögu þingmannsins Bjarna Benediktssonar. Sérstaklega skal bent á að með niðurstöðu Alþingis í málinu voru mannréttindi Geirs H. Haarde fótum troðin. Illa er farið með réttarríkið og unga lýðveldið okkar þar sem mannréttindi hafa alltaf verið í hávegum höfð. Afleiðingin er sú að á Íslandi horfum við nú upp á pólitísk réttarhöld yfir einum manni. Svo rammt hefur að þessu kveðið að innan stjórnarflokkanna þykir sjálfsagt og eðlilegt að halda sérstaka pólitíska fundi um þetta dómsmál. Þessi sama pólitík ræður svo atkvæðagreiðslu flestra stjórnarþingmanna. Slíkt er forkastanlegt og berar þann veruleika að kæra á hendur Geir H. Haarde fyrrverandi forsætisráðherra er pólitísk aðför þar sem ríkjandi stjórnvöld skýrast ekki við að beita valdi sínu til að klekkja á pólitískum andstæðingi og draga Alþingi um leið niður í svaðið. Slíkt er ekki til eftirbreytni og ætti ekki að að þekkjast.

Eyverjar fordæma sérstaklega þá þingmenn ríkisstjórnarflokkanna sem leyfa sér að réttlæta dómsmál með þeim rökum að halda þurfi ríkisstjórninni saman. Eyverjar gera þá skýru kröfu til allra sem um málið fjalla að hlutleysis sé gætt.

Þegar þannig er að farið liggur fyrir afturköllun ákæru á hendur Geir H. Haarde.

Stjórn Eyverja, félag ungra Sjálfstæðismanna í Vestmannaeyjum.